

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grýtubakkahreppi.

Ægissíða, Túngata og Lækjarvellir á Grenivík.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum 13. desember 2021 deiliskipulag gatnanna Ægissíðu, Túngötu og Lækjarvalla á Grenivík, skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er alls um 13 ha að stærð og nær til gatnanna Ægissíðu, Túngötu og Lækjarvalla á Grenivík. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar verða nýjar íbúðarlóðir við fyrrgreindar götur, breytingar eru gerðar á lóðarmörkum nokkurra lóða auk þess sem eldra deiliskipulag fyrir Lækjarvelli fellur úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grýtubakkahreppi, 29. desember 2021.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2022